

Stefna um notkun gervigreindar við Háskólann á Bifröst

Tilgangur þessarar stefnu er að skilgreina viðeigandi notkun á gervigreind innan Háskólans á Bifröst. Stefnan miðar að því að tryggja að ábyrgð og gott siðferði sé haft að leiðarljósi í allri notkun, hvort heldur er í kennslu, rannsóknum eða stjórnun og koma í veg fyrir mögulega misnotkun.

Stefnan tekur til allra innan skólans, nemenda, starfsfólks, kennara og annarra aðila sem koma að starfi skólans til lengri eða skemmri tíma.

Misnotkun gervigreindar

Mjög erfitt er að sanna notkun á gervigreind í texta. Það er því áskorun að staðfesta brot á reglum um próftöku.

Samkvæmt reglugerð Háskólans á Bifröst 29. gr. ber nemendum í hvívetna að fara að fyrirmælum og reglum um notkun heimilda í ritgerðum og verkefnum. Sé það ekki gert getur nemandi fengið einkunnina 0 fyrir verkefni, ritgerð eða námskeið. Brjóti nemandi reglur um próftöku eða hafi rangt við skal hann hljóta einkunn 0. Brot geta valdið áminningu eða brottrekstri úr skóla, sbr. 34. gr. reglugerðar þessarar.

Siðferðileg viðmið

Notkun gervigreindar skal vera í samræmi við siðareglur Háskólans á Bifröst og ber notendum gervigreindar við nám og störf að kynna sér þær reglur vel, <https://www.bifrost.is/um-haskolann/stefnur--og-aaetlanir/sidareglur/>

Hugverkaréttur og heimildaskráning

Ætíð skal virða hugverkaréttindi annarra og skal reglum um skráningu heimilda fylgt eftir í hvívetna. Við heimildaskráningu er vístað til APA 7. útgáfu (Viðskiptadeild og Félagsvísindadeild) eða OSCALA (Lagadeild) staðalinn í tilvitnunum og heimildaskrá

Þjálfun og notkun

Háskólinn mun veita þjálfun og úrræði til að fræða notendur um getu, takmarkanir og siðferðileg áhrif þess að nota gervigreind. Þess er vænst að notendur kynni sér þessa stefnu og taki þátt í viðeigandi þjálfun eftir þörfum.

Eftirlit og fylgni

Háskólinn áskilur sér rétt til að fylgjast með notkun gervigreindar til að fylgja þessari stefnu. Brot geta leitt til viðurlaga í samræmi við reglugerð nr. 29 og 34 við Háskólann á Bifröst.

Stefna þessi verður endurskoðuð með reglubundnum hætti en **eigi sjaldnar en á árs fresti.**

Stefna þessi er samþykkt af framkvæmdastjórn Háskólans á Bifröst og tók gildi 2. desember 2025.